



Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Kópavogi 7. desember 2020.

**Efni:** Tillaga til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum, 240. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 18. nóvember 2020 þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum, 240. mál á 151. löggjafarþingi.

Í tillögunni er heilbrigðisráðherra falið að undirbúa og leggja fram lagafrumvarp sem kveði á um a) tímasetningar varðandi það hversu langan tíma aldraður sem gengist hefur undir færni- og heilsumat þurfi að bíða eftir búsetuúrræði; b) að læknar geti ákveðið að einstaklingur sem bersýnilega þurfi vistun í hjúkrunarrými þurfi ekki að undirgangast færni- og heilsumat; c) maki eða sambúðarmaki heimilismanns á stofnun fyrir aldraða skuli eiga kost á að dvelja á stofnuninni án tillits til þess hvort hann hafi gengist undir færni- og heilsumat. Ráðherra leggi fram frumvarp þessa efnis á haustþingi 2021.

Í greinargerð kemur fram að tillagan hefur áður verið lögð fram.

LÍ telur mikilvægt að stytta biðtíma frá því að færni- og heilsumat liggur fyrir og þar til aldraður einstaklingur fær viðeigandi búsetuúrræði. LÍ telur á hinn bóginn að það verði ekki gert með því að setja dagsetningar af því tagi sem tillagan gerir ráð fyrir. Þá telur LÍ að mögulega þurfi að fjölga þeim teymum sem annast færni- og heilsumat en telur ekki koma til greina að setja inn undanþágu frá því að einstaklingur þurfi að gangast undir slíkt mat. Lokst telur LÍ ekki að opna eigi fyrir það að maki heimilismanns á stofnun fyrir aldraða geti orðið þar heimilismaður án færnis- og heilsumats sem sýni að makinn þurfi á slíkri vistun að halda.

Verði eftir því óskað er LÍ að sjálfsögðu tilbúið til að senda fulltrúa félagsins á fund velferðarnefndar til að ræða tillöguna.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar LÍ,

Reynir Arngrímsson, formaður